

Almennur fundur í fjallskiladeild Víðdælinga haldinn í Dæli 24. Mars 2014 kl 21:20

Sigtryggur setti fund og stakk uppá Ólafi Benedikssyni sem fundarstjóra og Júlíusi Guðna Antonssyni sem fundarritara sem var samþykkt.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla fjallskilastjórnar og reikningar.

Sigtryggur Sigurvaldason formaður fór yfir helstu verkefni á liðnu ári. Hann ræddi óvenjulegar göngur s.l haust sem farnar voru í enda ágúst með mjög skömmum fyrirvara vegna slæmrar veðurspár.

Heildartekjur voru kr. 2.481.514- og heildargjöld kr. 2.774.763-

þ.e tap á rekstri kr. 292.763- og er inneign sjóðsins aðeins kr. 117þ019- á s.l áramótum.

Sigtryggur ræddi viðhald á rétt,girðinga,vegar og skála.

Sigtryggur sagði frá erindi frá a- húnvetningum um að flýta göngum haustið 2015þ

2. Umræður um skýrslu formanns.

Þórir Ísólfsson ræddi göngur sl. haust.

Hann taldi ljóst að ekki skyldi nota hjól í fyrstu göngum.

Hann telur að vandi deildarinnar sé tekjuvandamál.

Hann fór yfir þá möguleika sem deildin á samkvæmt reglugerð til að auka tekjurnar.

Sigrún Þórisdóttir þakkaði starf nefndarinnar. Hún gagnrýndi að gangamannalið skyldi skert þegar göngur styttust og eins taldi hún nauðsynlegt að endurskoða gangamat.

Júlíus Guðni ræddi mismunandi tillögur gangna í fyrstu göngum.

Ísólfur taldi ljóst að notkun hjóla væri stílbrot og benti á möguleikann á að taka ferðafólk í göngurnar og hafa af því tekjur.

Hann lét þess getið að mögulegt væri að nýta eitthvað af afgangsbýggingarefni v/ byggingaframkvæmda á Lækjarmóti til að lagfæra skálana á heiðinni.

Kaffihlé en umræðum haldið áfram að því loknu.

Ólafur Óskarsson varaði við hjólanotkun í göngum. Hann fór aðeins yfir þjóðlendumál en búast má við úrskurði um heiðina í júní n.k. frá þjóðlendunefnd.

Birgir Ingbórsson þakkaði gott samstarf s.l ára. Hann bar saman tillögur fjallskilamála hér og hjá þeim austurfrá. Birgir ræddi ágang austanað og fjárflutninga. Hann ræddi flýtingu gangna,

Ingvar Ragnarsson þakkaði fjallskilastjórn þeirra störf. Hann ræddi viðhald vega,skála m.a rafstöðvar, gangnamat, flýting gangna,,tillögur gangna,fjór hjólanotkun o.fl.

Þórir Ísólfsson taldi tilraunarinnar virði að setja upp rafstreng lengra austur uppí gaflinn til að koma í veg fyrir að hrossin fari norður fjall.

Ingvar Jóhannsson þakkaði starf deildarinnar. Hann ræddi víxlun fyrri heimalanda smölunar og seinni gangna, Hann ræddi viðhald Valdarásréttar, vegagerð, innlögn ómerkinga og m. fl.

Ólafur Benediksson þakkaði störf nefndarinnar. Hann ræddi hjólanotkun, forðagæsluskýrslur og vortalningu, flýtingu gangna 2015 og 16 o.fl..

Sigtryggur fór yfir þau mál sem rædd hafa verið,

Garðar Gíslason ræddi stóðsmölun Stóru Hlíð og Krók, hjólanotkun o.fl.

Örn Óli taldi mikilvægt að nýta öll tækifæri til að auka tekjurnar, hann ræddi viðhald vega o.fl.

Ingvar Ragnarsson ræddi rekstur deildarinnar, álagning fjallskila og flýtingu gangna.

Árborg Ragnarsdóttir taldi eðlilegt að meta það þegar þarf að flytja hross til að hefja leit.

Júlíus kynnti tillögu um skipan þorrablótsnefndar.

Um tillöguna ræddu Ingvar, Sigtryggur, Kristinn Víglundsson, Björn Vignir, Vigdís o.fl.

Tillagan borin undir atkvæði.

Felld með 11 atkv. gegn 5.

Sigtryggur þakkaði góðan fund og sleit fundi.

Júlíus Guðni Antonsson fundarritari.